

Fyrirspurn	E 11/2023
Flytjendur	Kjell-Arne Otttosson (KD) Johan Dahl (sb) Markku Siponen (cent)
Viðtakandi	Norrænu ríkisstjórnirnar

Skrifleg fyrirspurn um vegabréfafrelsi innan Norðurlanda

Til norrænu ríkisstjórnanna

Þann 14. júlí 1952 tók gildi fyrsta bókunin um vegabréfafrelsi milli Danmerkur, Finnlands og Noregs. Síðan þá hefur fjöldi skýringarliða og endurnýjaðir samningar verið undirritaðir til að tryggja norrænum borgurum rétt til að verðast án vegabréfs milli norrænu landanna.

Kalla má vegabréfafrelsið og frjálsa för innan Norðurlanda krúnudjásn hins norræna samstarfs. Vegabréfafrelsið er grundvöllurinn fyrir því að við getum átt sameiginlegan vinnumarkað, samþættan efnahag og stöðug skipti milli landa okkar. Allt þetta eflir og eykur samkeppnishæfni Norðurlandanna og auðveldar fólki lífið til muna. Ekki síst þeim sem búa á landamærasvæðum og sem ferðast jafnvel mörgum sinnum á dag yfir norræn landamæri. Til að framtíðarsýnin um Norðurlönd sem samþættasta svæði heims verði að veruleika verða markmiðin, í samræmi við samkomulagið um frjálsa för, að fela í sér afnám allra stjórnsýsluhindrana milli landa okkar.

Þrátt fyrir að vegabréfafrelsi hafi lengi ríkt á Norðurlöndum virðast flugfélög og önnur samgöngufyrirtæki nú sjálf geta ákveðið hvaða ferðaskilríkja þau krefjast. Þau geta að eigin geðþótta krafist vegabréfa eða skilríkja fyrir ferðir innan Norðurlanda. Þetta tíðkast samkvæmt upplýsingum á heimasíðum vissra samgöngufyrirtækja og virðast vera leifar frá landamæralokuninum í Covid-19-heimsfaraldrinum.

Að mati flokkahóps miðjumanna eru frávík sem þessi frá samningsbundnu vegabréfafrelsi ekki ásættanleg. Í ljósi þessa spyrjum við norrænu ríkisstjórnirnar:

Til hvaða aðgerða hyggjast ríkisstjórnirnar grípa til að efla og viðhalda vegabréfafrelsi á Norðurlöndum?

Eru einhverjar viðræður í gangi við ferðaþjónustuna um þetta málefni?



Hvenær er þess vænst að fullt vegabréfafrelsi ríki á ný eins og gildandi samningar mæla fyrir um?

Norðurlöndum, 4. desember 2023

Kjell-Arne Ottosson (KD)
Johan Dahl (sb)

Markku Siponen (cent)